

Húsavík, 08.03.2021

Efni: Umsögn Náttúruverndarnefndar Þingeyinga um tillögu að deiliskipulagi fyrir fiskeldi í Núpsmýri í Öxarfirði

Náttúruverndarnefnd Þingeyinga hefur fengið til umsagnar tillögu að deiliskipulagi fyrir fiskeldi í Núpsmýri ásamt tilheyrandi umhverfisskýrslu sem nú er í kynningu.

Nefndin hefur fjallað um málið og fylgir hér umsögn hennar.

Staðsetning fiskeldis og náttúruverndarsvæði

Fiskeldið er staðsett við Núpsvatn og Núpsmýri sem hvort tveggja njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 en þar segir:

„Eftirtalin vistkerfi njóta sérstakrar verndar....:

a. votlendi, svo sem hallamýrar, flóar, flæðimýrar, rústamýrar, [20.000 m²] ¹⁾ að flatarmáli eða stærri, stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m² að flatarmáli eða stærri, og sjávarfitjar og leirur,...

Þá er fiskeldið staðsett í jaðri landsvæðis sem nú er á náttúruminjaskrá, þ.e. Votlendi við Öxarfjörð en um það segir í náttúruminjaskrá:

„Votlendi við Öxarfjörð, Kelduneshreppi, Öxarfjarðarhreppi, N-Þingeyjarsýslu. (1) Svæðið afmarkast af Lóni í vestri, Skjálftavötnum í suðri og þaðan að hreppamörkum við Núpsvatn.(2) Sjávarlón og gróðurmikil grunn vötn. Stararengjar, keldur og þornaðir árfarvegir. Mikið fuglalíf.“

Að auki hefur Náttúrufræðistofnun tilnefnt svæðið Öxarfjörður á B-hluta náttúruminjaskrár vegna mikilvægs fuglalífs. Mörk svæðisins eru svipuð og mörk svæðisins sem nú er á náttúruminjaskrá nema það nær aðeins að þjóðvegi við Núpsmýri og Núpsvatn , þ.e.:

„Láglendi Öxarfjarðar neðan þjóðvegjar, ásamt Lónum og ströndin frá Hringsbjargi í vestri að Buðlungahöfn í austri.“

Í tillögu að deiliskipulagi er eingöngu tekið fram að Núpsvatn njóti sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 en það sama á við um Núpsmýri. Ekki er minnst á staðsetningu fiskeldisins á núverandi svæði á náttúruminjaskrá, Votlendi við Öxarfjörð né nálægð við það landssvæði sem er í tillögum Náttúrufræðistofnunar Íslands að svæðum á B-hluta náttúruminjaskrár.

Vatnsbúskapur

Í umhverfisskýrslu kemur fram að gerðar hafi verið athugasemdir við vatnsdælingu fyrir fiskeldið þar sem talið er að hún hafi valdið þornun á votlendi á svæðinu. Vísað er í úrskurð

Umhverfisstofnunar í kærumáli þar af lútandi frá 2001 með beinni tilvitnun. Þar kemur fram að aðilar séu „...sammála um að mýrar í nágrenni Brunnár hafi þornað, en einnig að ekki sé ljóst af hverju, en Orkustofnun tekur þó fram að nýting hafi ekki áhrif á vatnsbúskap Núpsmýrar“. Náttúruverndarnefnd gerir athugasemd við að tilvísun í heimild vantar og heimildina er ekki að finna í heimildaskrá. Í umhverfisskýrslu eru einnig leiddar líkur að því að þornun Núpsmýrar stafi af lækkun á vatnshæð Brunnár, minnkaðri úrkomu og snjóalögum á svæðinu og því til stuðnings nefnt „... að votlendi hefur víða þornað upp í þessum landshluta, t.d. er vatnshæð í Blikalónsgjám mun lægra en áður var skv. upplýsingum frá sauðfjárbónda á Melrakkaslétu“. Náttúruverndarnefnd Þingeyinga gerir athugasemdir við að hvorki eru sett fram töluleg gögn þessu til stuðnings né heimilda getið og nefndin telur óábyrgt að meta þróun í grunnvatnsstöðu svæðisins út frá upplýsingum sem virðast fremur byggjast á tilfinningum en mælingum. Þrátt fyrir úrskurð Umhverfisstofnunar í framangreindu kærumáli þá telja landeigendur Daðastaða að mikil lækkun á vatnsborði Núpsmýrar geti stafað af núverandi vatnstöku úr mýrinni sbr. fundargerð skipulags- og framkvæmdaráðs Norðurþings dags. 26. júní 2018, þar sem deiliskipulag á Núpsmýri var til umfjöllunar. Með hliðsjón af því að hér er um að ræða vistkerfi sem nýtur sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 telur Náttúruverndarnefnd Þingeyinga nauðsynlegt að gerðar verði mælingar á vatnsyfirborði svæðisins fyrir stækkun stöðvarinnar og það svo framvegis vaktað samhliða öðrum vöktunum á svæðinu.

Frárennsli og lyktarmengun

Í umhverfisskýrslu kemur fram að frárennsli stöðvarinnar rennur í tvær settjarnir þar sem úrgangsefni í föstu formi setjast á botninn en annað frárennsli rennur áfram út í Brunná. Þar segir einnig að allt frárennslisvatn fari í gegnum stálgrindur (tvöfalt kerfi) sem varna því að fiskur sleppi í gegn og út í Brunná. Þannig séu í hverju kerfi þar til gerðar ristur sem varni því að fiskur berist út úr kerinu með frárennslinu og í settjörnina og síðan sé stálgrind þar sem frárennsli stöðvarinnar kemur út í Brunná. Nefnt er að ekki hafi borið á því að fiskur hafi sloppið úr stöðinni til sjávar öll þau ár sem eldi hefur verið starfrækt í Núpsmýri. Þetta tvöfalda kerfi virðist þó ekki vera að virka að öllu leyti fyrir dauða fiska, a.m.k. sá eitt okkar undirritaðra dauða fiska koma með frárennslinu út í Brunná s.l. sumar. Þá má iðulega sjá mikinn fjölda fugla vera í fæðisöflun við frárennslið frá fiskeldinu sem bendir til þess að lífrænt efni sé að fara í talsverðum mæli út í Brunná. Samkvæmt vetrarfuglatalningum hafa um 1000 fuglar sést að meðaltali á hverjum vetri á Brunná frá Silfurstjörnu og til sjávar síðustu ár. Þetta eru að mestu máfategundirnar, silfurmáfur, bjartmáfur og svartbakur og stökkönd (<https://www.ni.is/greinar/vetrarfuglatalningar>). Að vetrarlagi er hins vegar sjaldgæft að sjá fugla ofar á Brunnánni (Aðalsteinn Örn Snæþórsson, munnl. upplýsingar).

Í umhverfisskýrslu kemur fram að árið 2019 hafi seyran frá fiskeldinu í fyrsta skipti verið losuð á uppgræðslusvæði í landi Snartarstaða eftir að Umhverfisstofnun gaf út leyfi fyrir því að seyran úr settjörnnum yrði nýtt á skilgreind uppgræðslusvæði. Það er jákvætt að úrgangur frá fiskeldinu sé nýttur til uppgræðslu á svæðinu í stað þess að vera urðaður á lóð fiskeldisins eins og gert var þegar settjarnirnar voru losaðar í upphafi

(<https://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/1225/201701139.pdf>). Hér væri eðlilegt að gera grein fyrir þeim skilgreindu uppgræðslusvæðum sem gert er ráð fyrir að fara með úrganginn á.

Í fyrrnefndri fundargerð skipulags- og framkvæmdaráðs Norðurlands kemur einnig fram í athugasemum landeigenda Daðastaða að þeir telji að fiskeldið losi „*saltmengað affallsvatn frá sveltikerjum út í Núpsvatn...*“ sem sé brot á 83.gr. vatnalaga. Þá hefur Náttúruverndarnefnd Þingeyinga borist orðrómur um að einhver losun frá fiskeldinu eigi sér stað út í Núpsvatn. Þó ekki eigi sér stað bein losun efna í Núpsvatn frá fiskeldinu þá geta þau borist með öðrum leiðum, t.d. ef efni berast í jarðveg og skolast síðan þaðan út og í nærliggjandi vötn. Gera þarf grein fyrir því hvernig komið verður í veg fyrir að einhver efni berist frá fiskeldinu út í Núpsvatn, bæði vegna framkvæmda við stækkun sem og reksturs fiskeldisins. Eðlilegt er að ástand Núpsvatns verði vaktað og gerðar nauðsynlegar mælingar fyrir og eftir stækkun fiskeldisins og þeim síðan haldið áfram samhliða rekstri.

Lyktarmengun er frá fiskeldinu (setjtjörnum). Ekkert er um þau umhverfisáhrif í deiliskipulagi.

Vistkerfi

Í umhverfisskýrslunni segir um gróðurfar, í kafla 5.5.3, bls. 18: „*Gróður á lóð Samherja fiskeldis ehf. er eins og áður sagði frekar fábreyttur og samanstendur að mestu af grasbölum, lággróðri og loðvíði.*“ Í skýrslunni er aðeins einu sinni áður minnst á gróðurfar, þ.e. í kafla 2.2. á bls. 3 og má því skilja að verið sé að vísa í þann kafla en þar segir „*Svæðið er mýrlent en hefur þornað nokkuð á undanförunum áratugum. Svæðið er grösugt en lyngvaxið. Loðvíðir er orðinn áberandi*“. Ekki er hægt að álykta út frá þessum lýsingum að gróður á lóð sé frekar fábreyttur og er að mati Náttúruverndarnefndar lítið gert úr gróðurfari svæðisins. Af ljósmyndum sem fylgja tillögu að deiliskipulagi (forsíða og ljósmynd bls. 13) sést vel að gróðurfar á því svæði sem mun fara undir stækkun fiskeldisins, í NA horni lóðarinnar, er alls ekki eyðimelavist heldur vel gróið og að einhverju leyti votlent svæði með litlum tjörnum. Hvergi í tillögunni er gerð grein fyrir því hvort að á svæðinu finnist plöntutegundir sem eru á válista og ekki er fjallað um hvaða vistgerðir hafa hátt verndargildi. Náttúruverndarnefnd telur að gera þurfi betur grein fyrir gróðurfari svæðisins í deiliskipulagi.

Í umhverfisskýrslu er eingöngu horft til áhrifa framkvæmdarinnar á fuglavarpi en ekki aðra þætti sem skipta máli fyrir fuglalíf á svæðinu. Þar kemur fram að ekki hafi verið gerð sérstök úttekt á fuglavarpi innan lóðar og ekki sé vitað til þess að fuglategundir á válista verpi á lóðinni. Úttekt á fuglavarpi innan lóðar hefði auðveldlega gefið upplýsingar um hvort þar verptu fuglategundir á válista. Þegar áhrif framkvæmda á fuglalíf eru metin er ekki nóg að horfa eingöngu til varpfugla innan viðkomandi framkvæmdasvæðis. Svæðið getur verið mikilvægt tegundum utan varptíma. Sem dæmi um það má benda á að grafendur sækja mikið í Núpsvatn að haustlagi og hafa stærstu hópar þar talið fáein hundruð fugla (Aðalsteinn Örn Snæþórsson, munnl. upplýsingar). Grafendur eru skráðar í yfirvofandi hættu á válista vegna stofnstærðar sem einungis telur um 500 varppör

(<https://www.ni.is/biota/animalia/chordata/aves/anseriformes/anas-acuta>) og því er um verulegan hluta íslenska stofnsins að ræða. Náttúruverndarnefnd telur að gera þurfi betur grein fyrir fuglalífi svæðisins í deiliskipulagi og áhrifa fiskeldisins á fuglalíf.

Vöktun

Náttúruverndarnefnd Þingeyinga leggur áherslu á að nú þegar stefnt er að stækkun fiskeldisins þá verði tækifærið nýtt til að mæla núverandi ástand mikilvægra umhverfispáttá sem fiskeldið getur haft áhrif á og því síðan fylgt eftir með skipulegri vöktun samhliða rekstri stöðvarinnar.

Almennt

Í tillögu að deiliskipulaginu vantar oft tilvísanir í heimildir og heimildir eru ekki listaðar í heimildaskrá. Í töflu 3, bls. 15 er vísað í lög um náttúruvernd nr. 44/1999 sem eru fallin úr gildi en einnig virðist upptalning í töflu vera ófullnægjandi, t.d. vantar að vísa í válista plantna og dýra svo eitthvað sé nefnt.

Virðingarfyllt,

Náttúruverndarnefnd Þingeyinga

Daníel Hansen

Jóhanna Björg Jóhannsdóttir

Sigbrúður Stella Jóhannsdóttir